

## Spurningar til félaga

Heiti félags:

<b>Fjöldi notenda og nýtanleg rýmd aðstöðu</b>
Hver er áætlaður fjöldi iðkenda á hvern dag meðan mannvirkið er í notkun? (0-9999)
Hver marga klukkutíma virka daga í viku nýtist aðstaðan þann hluta árs sem hún er í notkun? (0-168)
Hve marga klukkutíma um helgar nýtist aðstaðan?
Hve marga mánuði ársins nýtist aðstaðan (0-12)
Hve margir áhorfendur munu nýta sér mannvirkið yfir eitt ár? (0-9999999)
<b>Markaður: Íbúa og börn og unglingar á áhrifasvæði, áhorfendur, aðstaða sem er fyrir á svæði</b>
Hve mörg börn að 18 ára aldri búa á áhrifasvæði mannvirkisins? (0-99999)
Hve margir íbúar búa á áhrifasvæði mannvirkisins? (0-999999)
Hver er margir daglegir iðkendur iðka íþróttina í því mannvirki sem notast er við í dag? (0-9999)
Hve marga áhorfendur nýta sér núverandi aðstöðu yfir hvers eins árs tímabil. (0-999999)
<b>Eykur fjölbreytni íþróttagreina á svæði</b>
Fjölgar mannvirkið þeim íþróttagreinum sem í boði eru á áhrifasvæði? (Já / nei)
Ef já, um hve margar? (0-9)
<b>Eykur jafnrétti / jafnræði í íþróttum</b>
Stuðlar mannvirkið að kynjajafnrétti í íþróttum? (Já / nei)
Er mannvirkið líklegt til að auka íþróttabátttöku hópa sem ekki hafa stundað íþróttir hingað til? (Já / nei)
<b>Uppfylling staðla og alþjóðleg viðmið</b>
Hve margir æfingavellir verða á mannvirkinu? (0-99)
Hver margir keppnisvellir fyrir innanlandskeppnir verða til með mannvirkinu? (0-99)
Hver margir vellir sem standast alþjóðleg viðmið verða til með mannvirkinu? (0-99)
<b>Tengingar við samgöngur (vistspor)</b>
Hve stór hluti iðkenda og áhorfenda er áætlað að heimsæki mannvirkið með umhverfsivænum hætti? (0-100)

Reykjavík 28.5 2020



Hér á eftir fara svör Knattspyrnufélagsins Þróttar við fyrirspurn stýrihóps Reykjavíkurborgar um forgangsröðun við uppbyggingu íþróttamannvirkja, dags 20. maí 2020.

Svörin eru byggð á bestu fáanlegu upplýsingum á þessari stundu sem og fyrri vinnu félagsins varðandi aðstöðumál þess.

Hluti svara eru með tvennum hætti, annars vegar A, þar sem spurningum er svarað vegna nýs íþróttahús og B, þar sem svarað er spurningum vegna nýrra gervigrasvalla til æfinga.

### **Fjöldi notenda og nýtanleg rýmd aðstöðu**

***Sp: Hver er áætlaður fjöldi iðkenda á hvern dag meðan mannvirkid er í notkun? (0-9999)***

Sv:

A: Íþróttahús:

Salir íþróttahús Þróttar verða 6, smáir og stórir og henta til kennslu barna á ýmsum aldri. Þeir verða fullnýttir frá kl. 08:00 á hverjum morgni af skólum í nágrenninu og fram til kl. 14:00, þá tekur við íþróttastarf á vegum Þróttar og Ármanns. Nákvæmur fjöldi ræðst af stundaskrá skóla, stærð bekkja og öðrum þáttum. **Gert er ráð fyrir því að 630 börn úr skólunum og 420 iðkendum úr félögunum munu nýta húsið daglega.** Fjöldin mun svo aukast í samræmi við stækkun hverfis og betra aðgengi að íþróttahúsi.

B: Gervigrasvellir:

Þróttur hefur yfir að ráða einum gervigrasvelli sem stendur. Hann þjónar öllu félaginu í knattspyrnu. **Iðkendum eru um 1000 þegar allt er talið** og fer fjölgandi. Á stundum eru 150 – 200 börn á velliðum í einu. Knattspyrnuæfingar hefjast gjarna á vetrum kl. 14:30 en fyrr á sumrin, enda æfa margir yngri flokkar fyrir hádegi á sumrin, auk þess sem knattspyrnuskóli nýtir aðstöðuna fyrir hádegi. Reikna má með að allt árið um kring verði iðkendum hverjum degi á nýjum gervigrasvöllum talin í hundruðum. Þá kæmi til greina að bjóða KSÍ að nýta nýtt gervigrasvallarsvæði (þar sem nú er Valbjarnarvöllur/Þróttaravöllur) til æfinga fyrir yngri landslið og aðra akademíustarfsemi. Slík starfsemi færi fram á tímum þegar Þróttur er ekki með æfingar og eykur því nýtingu.

***Sp: Hve marga klukkutíma um helgar nýtist aðstaðan?***

Sv:

A: Íþróttahús: **Við teljum að nýting á íþróttahúsi um helgar verði að jafnaði 8 – 10 klst. á dag til æfinga og keppni samanborið við 14 klst. á dag á virkum dögum.**

B: Gervigrasvellir: Reikna má með að æfingum í yngri flokkum fjölgi þegar aðstaða batnar og ýmsum æfingum sem ekki verður viðkomið sem stendur – séræfingum, æfingleikjum á stórum velli o.fl. – verði fundinn staður um helgar. Að auki eru leikir á Þróttaravelli um allar helgar nú þegar því má reikna með að meðalnýting á degi hverjum um helgar geti verið á bilinu 8 – 10 klst.

**Sp: Hve marga mánuði ársins nýtist aðstaðan (0-12)**

Sv. **Bæði íþróttahús og gervigrasvellir munu nýtast 12 mánuði á ári.** Álagið verður breytilegt eftir árstíma, minna álag á íþróttahús að sumri og yfir hátíðar t.d. Gervigrasvellir ættu að nýtast nokkuð jafnt yfir árið þar sem allar æfingar fara þar fram óháð árstíma.

**Sp: Hve margir áhorfendur munu nýta sér mannvirkið yfir eitt ár? (0-9999999)**

Sv:

A: Íþróttahús: Áætlað er að blakdeild Þróttar og handknattleiksdeild Þróttar muni leika nánast alla sína keppnisleiki í nýju húsi. Körfuboltið Ármanns munu leika sína keppnisleiki í húsinu. Útilokað er að áætla fjölda áhorfenda á alla þessa leiki en **ljóst að þeir skipta þúsundum á heilu ári.** Gert er ráð fyrir að bæði Þróttur og Ármann munu að einhverju leiti halda æfingum áfram í Laugardalshöll þrátt fyrir hið nýja hús, enda rúmast ekki allar æfingar í hinu nýja húsi.

B: Gervigrasvellir

Þróttur leikur nú heimaleiki sínu á aðalvelli félagsins, sunnan við félagshúsið, sem kenndur er við Eimskip þessa dagana. Ekki stendur til að breyta því og óska eftir að aðstaða fyrir stuðningsmenn verið byggð upp á nýju svæði. Við gerum þó ráð fyrir einhverjum þúsundum áhorfanda á ári hverju, fjölmargir foreldrar fylgja börnum sínum í leiki t.d. en að auki er alltaf fjöldi áhorfenda á barna- og unglíngamótum, t.d. ReyCup.

**Markaður: Íbúa og börn og unglíngar á áhrifasvæði, áhorfendur, aðstaða sem er fyrir á svæði**

**Sp: Hve mörg börn að 18 ára aldri búa á áhrifasvæði mannvirkisins? (0-99999)**

Sv: Samkvæmt núverandi skráningu búa **3.542 börn** í nágrenni hins nýja íþróttahúss. Hins vegar dugir ekki að horfa á þá stöðu eina því í Laugardalnum og nágrenni hans eru flest stærstu þéttingarverkefni borgarinnar og börnum á áhrifasvæði Þróttar og Ármanns **á eftir að fjölga verulega** af þeim sökum.

**Sp: Hve margir íbúar búa á áhrifasvæði mannvirkisins? (0-999999)**

Áhrifasvæði mannvirkja á vegum Þróttar/Ármanns eru víðfeðmt. Þar eru inni Vogahverfi, Túnin, Lækir, Langholt, Heimar, Sundin, Lauganesið og sjálfsgat fleira. Vísa verður til þéttingaráforma hér líka. Reikna má með að **íbúar Laugardalsins gætu nálgast 25.000** um og eftir 2030 (sú tala fengin frá skipulagsyfirlöðum í borginni). Mikilsvert er að horfa til þeirrar tölu og miða þjónustuna við hana, fremur en miða þjónustu við daginn í dag og þá þörf sem nú er.

**Sp: Hver er margir daglegir iðkendur iðka íþróttina í því mannvirki sem notast er við í dag? (0-9999)**

Sv:

A: Íþróttahús: Mikilvægt er að átta sig á að Þróttur er ekki að óska eftir endurnýjun á eldra húsnæði, heldur að **fá aðstöðu í eigin húsi í fyrsta sinn í sögu félagsins** sem nú spannar 71 ár. Samanburður við notendur í dag er því óraunhæfur. Inniíþróttir Þróttar eru blak og handknattleikur, æfingum er skipt á milli Laugardalshallar og Íþróttahúss Menntaskólans við Sund (oftast nefnt Vogaskólahúsið í daglegu tali). Iðkendafjöldi í blaki hefur staðið í stað, en þar eru eingöngu stúlkur. Iðkendum í handknattleik hefur fækkað vegna þess að aðstaðan er ófullnægjandi og að æfingar falla niður sýknt

og heilagt. Uppistaðan í unglíngastarfi handboltans eru drengir. Með bættri aðstöðu gerum við ráð fyrir að mikil fjölgun verði í báðum greinum enda er sú þróun vel þekkt í öðrum íþróttafélögum.

B: Gervigrasvöllur: Gíska má á að á hverjum degi nýti nokkur hundruð manns þennan eina gervigrasvöll sem þróttur hefur yfir að ráða. Iðkendur þróttar í yngri flokkum eru um 850, svo bætast við þá tölu eldri meistaraflokkar og Oldboys en lang stærsti hópur eldri knattspyrnuíðkenda á landinu er á vegum þróttar. Að auki má nefna Göngufótbolta sem eldri þróttarar stunda og knattspyrnuæfingar fyrir flóttamenn.

**Sp. Hve marga áhorfendur nýta sér núverandi aðstöðu yfir hvers eins árs tímabil. (0-999999)**

A: Íþróttahús: Þróttur hefur enga inniaðstöðu sem mark er takandi á, því erfitt að svara þessari spurningu.

B: Gervigrasvellir: Þróttur leikur um ríflega 20 heimaleiki á hverju sumri í meistaraflokki karla og kvenna í knattspyrnu auk hundruða leikja í yngri flokkum. Gróflega áætlað gæti heildarfjöldi áhorfenda verið á bilinu 18 – 22 þúsund.

**Eykur fjölbreytni íþróttagreina á svæði**

**Sp: Fjölgar mannvirkið þeim íþróttagreinum sem í boði eru á áhrifasvæði? (Já / nei)**

**Ef já, um hve margar? (0-9)**

Sv.

Þróttur reiknar ekki með að fjölga greinum, en hins vegar má segja að með byggingu nýs íþróttahúss aukast möguleikar á stundum íþróttar. Þær greinar sem nú eru í vörn, munu ná vopnum sínum á nýjan leik og þá fjölga í hópnum og fjölbreytni eykst. Minna verður á að í næstu byggingu við þrótt er Ármann, fjölgreinafélag sem stundar vel á annan tug greina. Að auki eiga sérgreinar fastan sess í Laugardalnum, Skautafélag Reykjavíkur og TBR eru dæmi um þetta. Fjölbreytni er því þegar mjög mikil í Laugardalnum og óvíst hvort heppilegt sé að fjölga greinum fremur en að styrkja þær sem fyrir eru.

**Eykur jafnrétti / jafnræði í íþróttum**

**Sp: Stuðlar mannvirkið að kynjajafnrétti í íþróttum? (Já / nei)**

Sv. A og B: Án nokkurs vafa munu ný mannvirki stuðla að kynjajafnrétti. Betri aðstaða gerir kleift að sinna fleirum en áður og þar með verður hægt að hvetja bæði kyn til að leita í íþróttagreinar sem þau hafa ekki leitað í til þessa, m.a. vegna þess að aðstaða hefur verið ófullnægjandi eða engin. Þegar kemur að jafnrétt og jafnræði eru þó lang mikilvægast að hafa í huga að með byggingu nýs íþróttahúss munu börn í Laugardalnum í fyrsta sinn hafa sömu möguleika og börn í öðrum hverfum til að stunda íþróttir í skóla og æfingar með hverfisfélagi. Þetta gildir jafnt um bæði kyn.

**Sp: Er mannvirkið líklegt til að auka íþróttapátttöku hópa sem ekki hafa stundað íþróttir hingað til? (Já / nei)**

Sv: A og B: Ný mannvirki sem tengjast starfsemi þróttar og Ármanns munu geta boðið fjölbreyttari þjónustu en þau sem fyrir eru. Samfara því ætti að vera hægt að auka þjónustu við hópa sem ekki hafa lagt sig eftir íþróttaiðkun. Þetta er þó órannsakað og engin leið að vita við hvaða „hópa“ hér er átt. Þróttur sinnir nú þegar þjónustu við flóttamenn sem leika knattspyrnu á velli félagsins á sumrin. Nýtt hús og fleiri vellir auka möguleika á að fjölga hópum án þess að draga þurfi úr aðgengi annarra.

## **Uppfylling staðla og alþjóðleg viðmið**

### ***Sp: Hve margir æfingavellir verða á mannvirkinu? (0-99)***

Sv. A: Í nýju húsi Þróttar og Ármanns verða 6 vellir til æfinga, 4 fyrir handknattleik, 1 fyrir blak og 1 fyrir körfuknattleik. Þessir fjöldi byggist á því að skipta „stóra salnum“ – aðalrými hússins niður með tjalddúk þannig að hægt sé að veita ólíkum hópum þjónustu víðsvegar um húsið á sama tíma. Hægt verður að æfa og/eða keppa í blaki, hand- og körfubolta á sama tíma.

B: Með tilkomu nýrra gervigrasvalla á Valbjarnarsvæðinu verða til 2 nýir æfingavellir í knattspyrnu. Á móti hverfa 2 vellir, Suðurlandsbrautarvöllur og TBR völlur.

### ***Sp: Hver margir keppnisvellir fyrir innanlandskeppnir verða til með mannvirkinu? (0-99)***

Sv. A: Í fullorðnisflokkum verað til 3 æfingavellir í íþróttahúsinu og 6 nýir vellir fyrir yngri iðkendur.

Sv. B: Með gervigrasvöllun er fyrst og fremst verið að leya úr brýnni þörf fyrir æfingaastöðu. Keppni í knattspyrnu elstu flokka fer áfram fram á Eimskipsvöllinum, þeir yngri munu hins vegar keppa á nýju völlum. Því er hægt að fullyrða að 2 keppnisvellir bætist við.

### ***Sp: Hver margir vellir sem standast alþjóðleg viðmið verða til með mannvirkinu? (0-99)***

Sv. A&B: Þeir verða engir, enda eru þessi mannvirki fyrst og fremst hugsuð sem æfingaástaða fyrir iðkendur en um leið geta þeir þjónað sem keppnisvellir fyrir yngri flokka vegna mótahalds hér á landi.

## **Tengingar við samgöngur (vistspor)**

### ***Hve stór hluti iðkenda og áhorfenda er áætlað að heimsæki mannvirkið með umhverfisvænum hætti? (0-100)***

Sv. A&B: Stærstur hluti iðkenda í hópíþróttum á Íslandi er börn og unglingar. Þeir ferðast mjög gjarnan með umhverfisvænum hætti, hjóla, ganga, hlaupa etc. Laugardalurinn liggur frábærlega við samgöngum þegar kemur að reiðhjólinu. Þróttur og Ármann eru hverfislið Laugardalsins, stór hluti iðkenda er búsettur í hverfinu og kemur til æfinga eða fer á leiki án þess að nýta heimilisbílinn.

## **Staðsetning**

### ***Sp A: Liggur mannvirkið miðsvæðis í hverfinu?***

### ***Sp B: Liggur mannvirkið vel við almenningsamgöngum?***

Sv A&B: Áðstaða Þróttar og Ármanns er miðsvæðis og hægt að nálgast hana án fyrirhafnar úr ýmsum áttum. Fljótlega athugun á korti leiðir í ljós að svæðið er einkar vel staðsett og á að geta laðað til sín fjölda iðkenda. Mannvirki Þróttar og Ármanns liggja vel við almenningsamgöngum enda í Laugardalnum miðjum. Strætósamgöngur er mjög þokklegar í kringum Laugardalinn og auðvelt að komast hjólandi og gangandi eins og áður er nefnt. Að auki – og það skiptir hér mestu – liggur Borgarlínan um Suðurlandsbraut og sneiðir rétt framhjá athafnasvæði félaganna þegar hún verður komin í gagnið. Af þessu leiðir að umrædd mannvirki liggja einkar vel við almenningsamgöngum.

## **Fjárhagslegir þættir**

### **Áætlaður framkvæmdakostnaður**

### ***Sp: Hvert yrði árlegt rekstarframlag Reykjavíkurborgar til mannvirksins? (Í milljónum króna)***

Sv: Samkvæmt okkar upplýsingum gæti rekstrarframlag frá Reykjavíkurborg verið **um 60 milljónir** króna á ári.

***Sp: Mun mannvirkni hafa áhrif á rekstur annarra mannvirkja í hverfi/þjónustusvæði félagsins.***

Sv: A: Íþróttahús. Nýtt íþróttahús Þróttar **mun ekki valda verkefnaleysi í öðrum íþróttahúsum**, t.d. Laugardalshöll. Samkvæmt athugunum sem ÍBR hefur gert, þá verður Laugardalshöllin fullnýtt áfram enda skapast í henni rými fyrir t.d. yngri landslið í handknattleik og körfuknattleik sem ekki er fyrir hendi í dag. Í nýju íþróttahúsi Þróttar verður bæði félags- og búingsaðstaða. Um leið tekur Ármann yfir núverandi hús Þróttar og fær þar því langþráða aðstöðu fyrir sína starfsmenn, þjálfara og iðkendur ekki síst. Ármann fær sömuleiðis aðstöðu fyrir körfuknattleiksdeild í nýju húsi. Laugarnesskóli og Laugalækjarskóli fá auk þess langþráð íþróttahús undir íþróttakennslu sem hefur hingað til verið ákaflega bágborin. Nýtt mannvirki Þróttar hefur því einvörðungu jákvæð áhrif á rekstur annarra mannvirkja í hverfinu.

Sv: B: Gervigrasvellir á Valbjarnarsvæðinu munu hafa mikil áhrif á önnur mannvirki í Laugardalnum. Verði þeir að veruleika, mun Þróttur innan fárra ára gefa eftir aðstöðu sína á TBR vellinum og á velli sem liggur samhliða Suðurlandsbraut. Þar fær borgin stór svæði sem hún getur nýtt undir aðra starfsemi kjósi hún svo. Nýir vellir munu einnig draga verulega úr álagi á aðalvöll Þróttar sem nú er nýttur vel yfir 2000 klukkustundir á ári. Með slíkri notkun þarf að skipta út efsta lagi vallarins á 4 – 5 ára fresti þannig að það teljist löglegt og boðlegt fyrir keppni í efstu og/eða næst efstu deild á Íslandi. Nýir vellir munu því draga úr rekstrarkostnaði á Þróttarsvæði, margfalda nýtingu, einfalda viðhald og bæta aðstöðu auk þess að gefa Reykjavíkurborg kost á betri nýtingu Laugardalsins í heild.

## **Niðurlag.**

Það er mikilvægt að því sé haldið til haga að með byggingu nýs íþróttahús fyrir Þrótt er verið að leysa vanda fjögurra aðila í einu, Þróttar, Ármanns, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla. Í stað þess að reisa fjórar nýbyggingar verður byggð ein sem allir geta nýtt. Um þetta eru allir aðilar sammála. Reykjavíkurborg greiðir í dag leigu fyrir starfsemi þessara aðila á fjölmörgum stöðum víðsvegar um borgina og hefur af því kostnað. Þar munu sparast umtalsverðar upphæðir.

Við teljum að það sé rétt að Reykjavíkurborg og Þróttur skrifi undir bindandi samstarfssamning um uppbyggingu svæðins.

Okkar niðurstaða er sú að rétt sé að hefjast þegar handa við deiliskipulag á þessum reitum sem um ræðir, ekkert er því til fyrirstöðu. Framkvæmdir geta þá hafist á Valbjarnarsvæði á þessu ári og á því næsta við nýtt íþróttahús.

Góðar stundir

Fh. Þróttar

Finnbogi Hilmarsson

Kristján Kristjánsson